

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 126 95. ár Miðvikudaginn 6. nóvember 2002

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Stefndi: Helen Hansdóttir, kt. 110172-4949, Danmörku.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.025.280, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 48.910 frá 20. maí 2001 til 3. september 2001, af kr. 70.096 frá 3. september 2001 til 3. október 2001, af kr. 91.418 frá 3. október 2001 til 22. október 2001, af kr. 95.068 frá 22. október 2001 til 26. október 2001, af kr. 105.376 frá 26. október 2001 til 3. nóvember 2001, af kr. 128.334 frá 3. nóvember 2001 til 3. desember 2001, af kr. 151.370 frá 3. desember 2001 til 3. janúar 2002, af kr. 173.004 frá 3. janúar 2002 til 3. febrúar 2002, af kr. 194.774 frá 3. febrúar 2002 til 3. apríl 2002, af kr. 216.631 frá 3. apríl 2002 til 4. apríl 2002, af kr. 227.558 frá 4. apríl 2002 til 3. maí 2002, af kr. 1.025.280 frá 3 maí 2002 til greiðsludags.

Inn á skuldina hefur verið greidd þessi innborgun: þann 3. maí 2002 að fjárhæð kr. 109.062, og dregst hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisauka-skatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilkomin vegna kaupleigusamnings nr. 413520-001 dags. 3. september 1998 milli Glitnis hf., sem leigusala, og Þorsteins Þorsteinssonar, kt. 100571-4559, sem leigutaka en skv. samningnum leigir leigusali leigutaka bifreiðina Nubira SX Wagon, árg. 1998, fastnr. PA-209. Skyldi samningurinn greiðast með 72 mánaðarlegum greiðslum er skyldu greiðast 3. hvers mánaðar, í fyrsta sinn þann 3. nóvember 1998 og síðan áfram eins og hér segir:

Greiðslur frá 1. - 48. mán. kr. 18.043 og greiðslur frá 49. - 72. mán. kr. 25.910.

Skyldu leigugreiðslur vera vísitölutryggðar miðað við vísitölu neysluverðs, grunnvísitala 182,6 stig.

Til frádráttar er matsverð tækis kr. 109.062 sem var tekið þann 3. maí 2002 og hefur verið tekið tillit til þess í dómkröfum. Stefnufjárhæð málsins er samkvæmt ofangreindum reikningi, að frádragnu matsverði tækis, kr. 939.546.

Skv. yfirlýsingu dags. 9. desember 1999 yfirtók stefnda Helen Hansdóttir kaupleigusamning nr. 413520-001 og bar samningurinn eftir það númerið 418988-001.

Leigutaki greiddi umsamdar leigugreiðslur til 20. maí 2001 en frá og með þeim tíma hefur hann ekki fengist til að greiða gjaldfallnar leigu-

Auglýsing frá forsætisráðuneytinu

Davíð Oddsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Sólveig Pétursdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 28. október 2002.

F. h. r.
Kristján Andri Stefánsson.

13482)

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 28. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

13605)

Kristján Andri Stefánsson.

Auglýsingar frá ferðakostnaðarnefnd

Um akstursgjald ríkisstarfsmanna Nr. 4/2002

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið akstursgjald í aksturssamningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana sem hér segir:

Almennt gjald	kr. pr. km
Fyrstu 10.000 km	53,50
Frá 10.000 til 20.000 km	48,00
Umfram 20.000 km	42,50

Við útreikning á sérstöku gjaldi skal bæta 15% álagi á almenna gjaldið og við útreikning á torfærugjaldi skal bæta 45% álagi á almenna gjaldið.

Akstursgjald þetta gildir frá og með 1. nóvember 2002. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1/2002 dagsett 5. júní 2002.

Vakin er athygli á því að auglýsingar ferðakostnaðarnefndar eru birtar á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þar er auk þess að finna reglur nefndarinnar um greiðslu dagpeninga erlendis og greinargerð um forsendur útreikninga akstursgjalds og dagpeninga. Veffangið er: <http://fjarmalaraduneyti.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/ferdakostn.html>

Um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands Nr. 5/2002

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

	kr.
1. Gisting og fæði í einn sólarhring	12.900
2. Gisting í einn sólarhring	7.700
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.200
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.600

Dagpeningar þessir gilda frá og með 1. nóvember 2002. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 2/2002 dags. 5. júní 2002.

Nefndin fer þess á leit við viðkomandi ráðuneyti að þau kynni efni þessarar auglýsingar þeim stofnunum og fyrirtækjum sem undir þau heyra. Ennfremur er vakin athygli á því að auglýsing ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga er á vefsíðu fjármálaráðuneytisins og er veffangið eftirfarandi: <http://fjarmalaraduneyti.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/ferdakostn.html>

13603)

Reykjavík, 28. október 2002.
Ferðakostnaðarnefnd.

Nauðungarsölur Borgarnes

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 5. desember 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Augastaðir, Borgarfjarðarsveit 13253)	Snorri H. Jóhannesson	Lánasjóður landbúnaðarins	490.114
Egilsgata 4 13254)	IKAN ehf.	Tollstjóaskrifstofa	213.220
Hl. Eskiholts II, Borgarbyggð 13255)	Bergur Mekkinó Jónsson	Lífeyrissjóður bænda	85.887
Krókar, spilda úr landi Ferstiklu, Hvalfjarðarstrandar-hreppi 13256)	Dalsbú ehf.	Hvalfjarðarstrandarhreppur	62.980
Spilda úr Saurbæjarlandi, Hvalfjarðarstrandar-hreppi 13257)	AquaCo ehf.	Hvalfjarðarstrandarhreppur	103.454
Sumarbústaðalóðin Eyarskógur 69, Hvalfjarðarstrandar-hreppi 13258)	Jón Friðriksson	Hvalfjarðarstrandahreppur	27.927
Borgarnesi, 22. október 2002. Sýslumaðurinn í Borgarnesi, Stefán Skarphéðinsson.			

Vestmannaeyjar

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 5. desember 2002 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Áshamar 63, 1. hæð til hægri (040103) 13459)	Sigurmundur Gísli Einarsson	Íbúðalánasjóður	66.926
Áshamar 67, 3. hæð til vinstri 13460)	Svava Eggertsdóttir	Íbúðalánasjóður	66.519
Brattagata 11, efri hæð 13461)	Guðrún Jóna Gunnarsdóttir	Íbúðalánasjóður	495.922
Brekastígur 5A 13462)	Jólína Bjarnason	Íbúðalánasjóður	402.581
Faxastígur 37, neðri hæð 13463)	Sigrún Olga Gísladóttir	Íbúðalánasjóður	494.846
Fjólugata 5 13464)	Rósa Hrönn Ögmunds-dóttir og Gylfi Birgisson	Íbúðalánasjóður	366.283
Heiðarvegur 22 13465)	Víglundur Þór Víglunds-son og Jóna Soffía Þorbjörnsdóttir	Íbúðalánasjóður	167.022
Hólagata 9, eignarhluti gerðarþola, 50% 13466)	Þorsteina Sigurbjörg Ólafsdóttir og Hlöðver Árni Guðmundsson	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	643.162
Miðstræti 15 13467)	Eva Sögaard Johannesen	Íbúðalánasjóður	96.871
Vestmannaeyjum, 24. október 2002. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Karl Gauti Hjaltason.			

greiðslur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Hið leigða tæki var tekið af leigutaka þann 3. maí 2002 og miðast því uppgjör aðilanna við þann dag. Reyndist verðmæti hins leigða tækis að frádregnum kostnaði vera kr. 109.062. Er því skuld stefndu miðað við 3. maí 2002 reiknuð skv. 16. gr. skilmála samningsins, sem hér segir:

Gjaldfallnar leigugreiðslur og aðrar greiðslur:		
20. maí 2001	kr.	48.910
3. september 2001	kr.	21.186
3. október 2001	kr.	21.322
22. október 2001	kr.	3.650
26. október 2001	kr.	10.308
3. nóvember 2001	kr.	22.958
3. desember 2001	kr.	23.036
3. janúar 2002	kr.	21.634
3. febrúar 2002	kr.	23.328
3. mars 2002	kr.	21.770
3. apríl 2002	kr.	21.857
4. apríl 2002	kr.	10.927
3. maí 2002	kr.	23.367
Samtals gjaldfallnar greiðslur	kr.	274.253
Gjaldfelldar leigugreiðslur	kr.	774.355
Andvirði leigumunar til lækkunar	kr.	-109.062
Samtals	kr.	939.546

Reikningur með gjalddaga 20. maí 2001 að fjárhæð kr. 85.704 er vegna trygginga frá TM auk gjalda, reikningur með gjalddaga 22. október 2001 að fjárhæð kr. 3.650 er vegna stöðvunarbrotagjalds auk gjalda, reikningur með gjalddaga 26. október 2001 að fjárhæð kr. 10.308 er vegna bifreiðagj. v/tímab. 2001:02 auk gjalda og reikningur með gjalddaga 4. apríl 2002 að fjárhæð kr. 10.927 er vegna bifreiðagj. v/tímab. 2002:01 auk gjalda.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnda er með lögheimili í Danmörku. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvisanir: Stefndandi byggir kröfur sínar á tilgreindum kaupleigusamningi aðilanna og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningsréttarins að samninga beri að halda.

Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til A liðar 1. mgr. 85. laga nr. 91/1991.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefndandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Kröfur um málskostnað styður stefndandi við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndandi er ekki virðisauka-skattskyldur. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Kaupleigusamning nr. 413520-001.
- Yfirlýsingu vegna yfirtöku bílasamnings dags. 9. desember 1999.
- Greiðsluáætlun.
- Uppgjörsyfirlit vegna töku tækis þann 3. maí 2002.
- Reikning með gjalddaga 20. maí 2001, ljósrit.
- Reikning með gjalddaga 22. október 2001, ljósrit.
- Reikning með gjalddaga 26. október 2001, ljósrit.
- Reikning með gjalddaga 4. apríl 2002, ljósrit.
- Innheimtubréf dags. 12. september 2002.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við

Lækjartorg í Reykjavík, þann 12. desember 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 15. október 2002.
F.h. stefnanda,
Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl.
e.u. **Ragna Gestsdóttir** lögfr.

(13133

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Bykó hf., kt. 460169-3219, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi.

Stefndi: Árni Benediktsson, kt. 240464-4119, Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Jón Eiríksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 220.073, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 220.073 frá 30. júlí 2002 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er vegna viðskipta Bykó hf. og stefnda, Árna Benediktssonar, vegna vöruúttekta frá febrúar til apríl 2002 samkvæmt framlögðum reikningi. Stefnufjárhæð málsins er samkvæmt ofangreindum reikningi kr. 220.073.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er með lögheimili í Bretlandi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til a liðar 1. mgr. 89. laga nr. 91/1991.

Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í lögum nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til sömu laga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Reikning nr. 2988, dags. 1. júlí 2002 að fjárhæð kr. 220.073.
- Innheimtubréf dags. 30. júlí 2002.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1 að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 11. desember 2002, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Kópavogi, 21. október 2002.
F.h. stefnanda,
Jón Eiríksson hdl.
e.u. **Ragna Gestsdóttir** lögfr.

(13458

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-keðnum 25. september 2002 var bú Jóka ehf., kt. 491298-2009, Breiðuvík 16, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 20. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, þriðjudaginn 14. janúar 2003 kl. 9.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12575 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-keðnum 25. september 2002 var bú Blikahöfða ehf., kt. 560597-2239, Hrafnhólum 6, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 29. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, þriðjudaginn 14. janúar 2003 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12576 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-keðnum 25. september 2002 var bú Skógar-nestis ehf., Austur-Héraði, kt. 450696-2859, Suðurhólum 14, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 23. júní 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, þriðjudaginn 14. janúar 2003 kl. 10.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12577 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-keðnum 25. september 2002 var bú Ólafar Bessadóttur, kt. 290743-3549, Miðholti 3, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 4. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, þriðjudaginn 14. janúar 2003 kl. 11.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12578 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-keðnum 25. september 2002 var bú Þorvalds Steinþórssonar, kt. 170671-4309, Grenibyggd 11, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 2. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, þriðjudaginn 14. janúar 2003 kl. 11.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12579 a

Reykjavík, 1. október 2002.
Ásgeir Magnússon hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-keðnum þann 20. september 2002, var þrotabú Rómantíku ehf., kt. 561299-2189, Bárustíg 9, Vestmannaeyjum, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 2. ágúst 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Strandvegi 48, 900 Vestmannaeyjum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandvegi 48, Vestmannaeyjum mánudaginn 20. janúar 2003 kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Vestmanneyjum, 14. október 2002.
Jón G. Valgeirsson hdl.

(12788 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 11. október 2002, var bú Víghóls ehf., kt. 620999-2969, Hafnarstræti 100, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 18. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 16, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 16, Akureyri, mánudaginn 27. janúar 2003 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 7. október 2002.
Arnar Sigfússon hdl.

(12795 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-keðnum 4. október 2002, var dánarbú Önnu M. Stefánsdóttur, kt. 090920-4569, síðast til heimilis að Hringbraut 50, Reykjavík, sem lést þann 11. febrúar 2002, tekið til opinberra skipta. Sama dag var Kristján Stefánsson hrl., skipaður skiptastjóri dánarbúsins.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurstræti 10A, pósthólf 712, 121 Reykjavík.

(13405 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 4. október 2002, var dánarbú Guð-
mundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449, síðast til heimilis að Dunhaga 13, Reykjavík, sem lést þann 1. september 2002, tekið til opinberra skipta. Sama dag var Kristján Stefánsson hrl., skipaður skiptastjóri dánarbúsins.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurstræti 10A, pósthólf 712, 121 Reykjavík.

(13406 a

Reykjavík, 10. október 2002.
Kristján Stefánsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 11. október 2002, var dánarbú Kristjáns Kristinssonar, kt. 160526-4249, sem var síðast til heimilis að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, og lést þann 6. maí 2002, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Hafnarfirði, 18. október 2002.
Guðmundur Örn Guðmundsson hdl.

(13407 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum þann 22. október 2002, var bú Öls og víns ehf., kt. 580394-2059, Laufásvegi 46, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 4. júní 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, Reykjavík, mánudaginn 20. janúar 2003 kl. 15.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(13441 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum þann 22. október 2002, var bú Bjarna Stefánssonar, kt. 090641-3959, Laufásvegi 46, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 4. júní 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-

ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, Reykjavík, mánudaginn 20. janúar 2003 kl. 15.15. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(13442 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum þann 22. október 2002, var bú Grills & videos, Hringbraut 49 ehf., kt. 571298-3099, Hringbraut 49, Reykjavík, tekið til gjaldþrota-
skipta.

Frestdagur við skiptin er 28. maí 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, Reykjavík, mánudaginn 20. janúar 2003 kl. 15.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(13443 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum þann 22. október 2002, var bú Lýðs Skúlasonar, kt. 230669-4149, Reyrengi 9, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 21. maí 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, Reykjavík, mánudaginn 20. janúar 2003 kl. 16.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(13444 a

Reykjavík, 24. október 2002.
F.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.
Árnína St. Kristjánsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-
kveðnum 25. september var bú Póstmíðlunar ehf., kt. 520198-2969, Brautarholti 1, Reykja-
vík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 19. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík.

Skiptafundur þar sem fjallað verður um skrá um lýstar kröfur og fjárhagslega stöðu búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, Reykjavík, föstudaginn 17. janúar 2003, kl. 10.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu lýkur skiptum á þeim fundi í samræmi við fyrirmæli 155. gr. gþl. nr. 21/1991.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skipta-
fund.

Reykjavík, 21. október 2002.
Einar Sigurjónsson hdl.

(13475 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 29. ágúst 2002 var bú Máka ehf., kt. 541092-2189, Freyjugötu 9, 550 Sauðárkróki, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 29. ágúst 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, miðvikudaginn 14. janúar 2003 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 1. október 2002.
Sigurður Sigurjónsson hrl.

(13493 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 25. október 2002, var Ásu Fönn Frið-
bjarnardóttur, kt. 141166-4849, Bólstaðarhlíð 62, 105 Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings skv. lögum nr. 21/1991, og undirritaður skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga samningskröfur skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur nefndum aðila að lýsa þeim fyrir undirrituðum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

Fundur verður haldinn með þeim lánar-
drottnum sem eiga atkvæðisrétt um samnings-
frumvarp skuldarans, á skrifstofu undirritaðs að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, 5. desember 2002 kl. 10.00, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 30. október 2002.
Helgi Jóhannesson hrl.

(13607 a

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Félags eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu, kt. 451090-2169, Blönduósi, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Húnabraut 19, Blönduósi, miðvikudaginn 27. nóvember 2002, kl. 17.00. Komi ekkert fram um eignir þrotabúsins í síðasta lagi á þeim fundi, verður skiptum lokið á fundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Blönduósi, 18. október 2002.
Stefán Ólafsson hdl.

(13128

Skiptafundur í þrotabúi Bílasölnunnar Borgar ehf., kt. 511094-2089, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 33, 3. hæð, 105 Reykja-
vík, fimmtudaginn 14. nóvember 2002 kl. 10.00. Á fundinum verður tekin ákvörðun um skiptalok í þrotabúinu.

(13249

Skiptafundur í þrotabúi Vilhjálms Vilhjálms-
sonar, kt. 230962-3169, verður haldinn á skrif-
stofu skiptastjóra að Borgartúni 33, 3. hæð, 105 Reykjavík, fimmtudaginn 14. nóvember 2002 kl. 11.30.

Á fundinum verður tekin ákvörðun um skiptalok í þrotabúinu.

(13250

Reykjavík, 14. október 2002.
Sigurður I. Halldórsson hdl.,
skiptastjóri.

Skiptafundur í þrotabúi Sæfisks ehf., kt. 411294-2779, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 27. nóvember 2002 kl. 14.00.

Ekki hafa fundist óveðsettar eignir í búinu umfram kostnað við skiptin. Komi ekki fram ábendingar um eignir eða önnur réttindi sem gætu fallið til þrotabúsins, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, verður skiptum lokið á fundinum samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991.

Borgarnesi, 23. október 2002.
Ingi Tryggvason hdl.,
 skiptastjóri.

(13404

Skiptafundur í þrotabúi/dánarbúi Hauks Torfasonar, kt. 080753-4469, sem lést þann 12. nóvember 2001, síðast til heimilis að Sólvöllum 11, Akureyri, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra, Garðarsbraut 5, 3. hæð, Húsavík, föstudaginn 15. nóvember nk. kl. 9.00.

Óverulegar eignir hafa fundist í þrotabúinu og verður skiptum lokið með vísan til 1. mgr. 155. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 á boðuðum fundi kom ekki fram andmæli eða ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

Húsavík, 29. október 2002.
Margrét María Sigurðardóttir hdl.

(13608

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 27. desember 2001 var bú Hafsúlunnar ehf., kt. 420589-1669, Hvammstangabraut 43, Hvammstanga, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem endanlega námu samtals kr. 84.114.753 auk áfallandi vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Húsavík, 9. október 2002.
Margrét María Sigurðardóttir hdl.,
 skiptastjóri.

(12698

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 11. júlí 2002, var bú Tronís ehf., kt. 441292-3099 tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar almennar kröfur að fjárhæð kr. 6.101.043 auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 10. október 2002.
Björn L. Bergsson hrl.

(12700

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 23. október 2001, var bú JÓÐ ehf., kt. 590396-2229, Laugavegi 30, Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, að fjárhæð kr. 1.701.546 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(12796

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 23. október 2001, var bú H.S.

